

Gunnar Gíslason sendi formanni bæjarráðs eftirfarandi texta sem hann hugðist leggja fram í bæjarráði sem bókun:

„Í samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar sem samþykkt var í bæjarstjórn í seinna sinn 17. mars 2015, segir í 50. gr. um ráðningu í æðstu stjórnunarstöður: „Bæjarstjóri, í umboði bæjarstjórnar og að fenginni umsögn viðkomandi fagnefnda, ræður embættismenn sem heyrja beint undir hann í skipuriti svo og framkvæmdastjóra fyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag sem eru í eigu bæjarsjóðs og veitir þeim lausn frá starfi.“

Í ljósi þessa ákvæðis geri ég alvarlega athugasemd við að bæjarstjóri lagði ákvörðun sína um ráðningu í stöður sviðsstjóra fjársýslusviðs og stjórnusýslusviðs, aðeins fram til kynningar en ekki umsagnar í bæjarráði eins og kveðið er á um í samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar. Þá geri ég einnig alvarlega athugasemd við þá ákvörðun bæjarstjóra að leita ekki eftir umsögn stjórnar Fasteigna Akureyrarbæjar og framkvæmdaráðs við ráðningu í stöðu sviðsstjóra umhverfis- og mannvirkjasviðs og stjórnar Akureyrarstofu, íþróttaráðs og samfélags- og mannréttindaráðs við ráðningu í stöðu sviðsstjóra samfélagssviðs. Þessar ákvarðanir bæjarstjóra ganga gegn reglum og samþykktum Akureyrarkaupstaðar, því núverandi nefndaskipan segir til um það hvaða nefndir eru fagnefndir þar til aðrar fagnefndir hafa verið skipaðar í þeirra stað.“

http://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/samthykkt-um-stjorn-og-fundarskop-akureyrarkaupstad-samth.-17.-mars-2015.pdf

Hlutverk bæjarráðs sem stjórnusýslunefndar

Á fundi bæjarráðs 11. september 2015 var samþykkt að ganga til samninga við Capacent um stjórnusýsluúttækt í samræmi við verkefnatillögu.

Í umræddri verkefnatillögu segir: „Lagt er til að bæjarráði Akureyrarbæjar verði falið að vinna með ráðgjöfum að lokafrágangi þeirra úrbóta eða breytinga sem kunna að verða lagðar til á stjórnun og stjórnskipulagi Akureyrarbæjar. Lagt er til að bæjarráð vinni að því verkefni sem stjórnkerfisnefnd undir forystu bæjarstjóra Akureyrarbæjar.“

Þetta er í samræmi við samþykkt fyrir bæjarráð g-lið 3. gr. að bæjarráð hafi umsjón með stjórnusýslu bæjarins.

http://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/samthykkt_fyrir_baejarrad_samthykkt_i_baejarstjorn_16-09-2014.pdf

Stjórnusýslubreytingar og aðgerðahópur

Tillögur stjórnkerfisnefndar bæjarráðs voru lagðar fyrir bæjarráð 29. september 2016:

Stjórnusýslubreytingar 2016
2016090161

Lagðar fram tillögur ráðgjafa Capacent til stjórnkerfisnefndar bæjarráðs Akureyrarbæjar að breytingum á stjórnskipulagi hjá Akureyrarbæ. Tillögurnar byggja á greiningu og mati ráðgjafa, umræðum á fundum stjórnkerfisnefndar ásamt samtölum og vinnustofum með starfsfólki. Markmið breytinganna sem af tillögunum leiða er að laga stjórnsýslu bæjarins að breyttum tímum og ná fram aukinni skilvirkni til hagsbóta fyrir bæjarbúa. Frá því núverandi stjórnskipulagi var komið á hafa orðið miklar breytingar á verkefnum og rekstri bæjarins sem mikilvægt er að bregðast við. Með stjórnsýslumbótum verður stjórnsýslueiningum í skipuriti Akureyrarbæjar fækkað úr 14 í 10 með því að sameina deildir með skylda starfsemi í svið með það að markmiði að auka faglegan styrk, yfirsýn og stytta boðleiðir. Einnig verða gerðar breytingar á fastanefndum og þeim fækkað.

Hjá bænum verða sex þjónustusvið: Fjölskyldusvið, búsetusvið, fræðslusvið, umhverfis- og mannvirkjasvið, skipulagssvið og samfélagssvið og tvö stoðsvið: stjórnsýslusvið og fjármálasvið.

Helstu breytingar við núverandi stjórnskipulag eru að: Fjármálþjónusta og hagþjónusta verða sameinaðar í fjársýslusvið og starfsmannþjónusta og skrifstofa Ráðhúss verða sameinaðar í stjórnsýslusvið. Framkvæmdadeild og Fasteignir Akureyrarbæjar verða sameinaðar í umhverfis- og mannvirkjasvið og samfélags- og mannréttindadeild og Akureyrarstofa sameinuð í samfélagssvið. Verkefni skólateymis á fjölskyldudeild munu tilheyra fræðslusviði og verkefni húsnæðisskrifstofu munu tilheyra fjölskyldusviði. Skoðað verður annað rekstrarfyrirkomulag á Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar.

Til samræmis við ofantalið verður nefndafyrirkomulag eftirfarandi: Umhverfisnefnd, framkvæmdaráð og stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar verða sameinuð í umhverfis- og mannvirkjaráði, samfélags- og mannréttindaráð og íþróttaráð verða sameinuð í frístundaráði og verkefni atvinnuálanefndar verða færð til stjórnar Akureyrarstofu.

Nýtt stjórnskipulag tekur gildi 1. janúar 2017.

Í tillögum Capacent er gert ráð fyrir stofnun aðgerðahóps sem starfi með bæjarstjóra að framkvæmd breytinganna.

Bæjarráð samþykkir tillögur Capacent að breytingum á stjórnkerfi Akureyrarbæjar og vísar þeim til staðfestingar í bæjarstjórn. Með þessum breytingum er stjórnsýsla Akureyrarbæjar aðlöguð að breyttum tímum. Frá því núverandi stjórnskipulagi var komið á hafa orðið miklar breytingar á verkefnum og rekstri bæjarins sem mikilvægt er að bregðast við. Það er markmið bæjarráðs að umbæturnar leiði til aukinnar skilvirkni, bættrar þjónustu og betri rekstrar sem er til hagsbóta fyrir bæjarbúa.

Bæjarráð skipar Matthías Rögnvaldsson og Sóleyju Björk Stefánsdóttur í aðgerðahóp sem mun starfa með bæjarstjóra að framkvæmd breytinganna.

Bæjarstjórn staðfesti síðan ákvörðun bæjarráðs á fundi sínum 4. október.

Ekki kom til umræðu að tillögur nefndarinnar færu til umfjöllunar hjá fagnefndum heldur litið svo á að þær væru alfarið á forræði bæjarráðs sem stjórnkerfisnefndar. Allir bæjarfulltrúar voru á ákveðnum tímapunkti upplýstir um þær tillögur sem síðar voru samþykktar.

Ráðningar sviðsstjóra

Á fundi bæjarráðs 13. október voru starfslýsingar fyrir nýja sviðsstjóra til umræðu og þar var bókað á þá leið að bæjarstjóra og aðgerðahópi væri veitt umboð til að auglýsa stöðurnar og ganga frá ráðningum í samráði við bæjarráð.

Stjórnsýslubreytingar 2016 - auglýsing sviðsstjóra

2016090161

Óskað eftir heimild fyrir bæjarstjóra og aðgerðahóp um að auglýsa stöður sviðsstjóra. Bæjarráð samþykkir framlagðar starfslýsingar. Jafnframt felur bæjarráð bæjarstjóra og aðgerðahópi umboð til að auglýsa stöður sviðsstjóra lausar til umsóknar og ganga frá ráðningum í samráði við bæjarráð.

Í framhaldinu fór fram auglýsinga- og ráðningaferli sem bæjarstjóri og bæjarfulltrúarnir tveir sem sitja í aðgerðahópnum tóku þátt í ásamt ráðgjafa frá Capacent. Ferlið var faglegt og í samræmi við fyrri ráðningar æðstu stjórnenda hjá Akureyrarbæ. Fulltrúar meiri- og minnihluta sátu því í ráðningarferlinu og var fullt samráð haft við þá sem fulltrúa bæjarráðs.

Á fundi bæjarráðs 24. nóvember voru ákvarðanir um ráðningar teknar fyrir í bæjarráði.

Stjórnsýslubreytingar 2016 - ráðning sviðsstjóra

2016090161

Bæjarstjórn staðfesti á fundi sínum 4. október sl. tillögur að breytingum á stjórnsýslu Akureyrarbæjar og skipan bæjarfulltrúanna Matthíasar Rögnvaldssonar og Sóleyjar Bjarkar Stefánsdóttur í innleiðingarhóp sem starfi með bæjarstjóra að framkvæmd breytinganna og ráðningu nýrra sviðsstjóra.

Í stjórnsýslubreytingunum fólst m.a. að lögð verða niður átta störf embættismanna og í staðinn voru auglýst fjögur störf sviðsstjóra. Nýtt skipurit Akureyrarbæjar tekur gildi 1. janúar 2017.

Bæjarstjóri kynnti ákvörðun um að gengið verði til samninga við Dan J. Brynjarsson um starf sviðsstjóra fjársýsluviðs, Kristin J. Reimarsson um starf sviðsstjóra samfélagssviðs, Höllu Margréti Tryggvadóttur um starf sviðsstjóra stjórnsýsluviðs og Guðríði Friðriksdóttur um starf sviðsstjóra umhverfis- og mannvirkjasviðs.

Þetta fyrirkomulag var haft á í samræmi við bókun bæjarráðs frá 13.10.

Á fundi bæjarráðs 1. desember voru svo samþykktar breytingar á reglum um ráðningar, skyldur og launakjör embættismanna sem nú kallast Reglur um starfskjör æðstu stjórnenda Akureyrarbæjar. Í viðaka með reglunum eru listuð upp þau starfsheiti sem undir reglurnar falla. Nýir sviðsstjórar verða ráðnir skv. þessum reglum.

Reglur um réttindi, skyldur og launakjör embættismanna Akureyrarbæjar - endurskoðun

2016110076

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá bæjarráðs 24. nóvember 2016:

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá bæjarráðs 17. nóvember sl.

Lögð fram drög að breytingum á reglum um réttindi, skyldur og launakjör embættismanna Akureyrarbæjar.

Bæjarráð samþykkir reglurnar og felur bæjarstjóra og kjarasamninganefnd að koma þeim til framkvæmda.

Fagnefndir

Nýjar nefndir sem og störf nýrra sviðsstjóra verða í samræmi við samþykktar stjórnsýslubreytingar ekki til fyrr en 1. janúar 2017. Í samþykktum fyrir þær nefndir sem í dag fara með þá málaflokka sem nýir sviðsstjórar munu stýra er eftirfarandi tekið fram:

Samþykkt fyrir bæjarráð, 6. gr.

Bæjarstjóri ræður eftirtalda starfsmenn, en áður en hann staðfestir ráðningu þeirra skal hann leita umsagnar bæjarráðs: a) bæjarlögmann, b) fjármálastjóra, c) hagsýslustjóra, d) skrifstofustjóra Ráðhúss, e) starfsmannastjóra.

http://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/samthykkt_fyrir_baejarrad_samthykkt_i_baejarstjorn_16-09-2014.pdf

Samþykkt fyrir framkvæmdaráð, 9. gr.

Bæjarstjóri ræður deildarstjóra framkvæmdadeildar og framkvæmdastjóra Fasteigna Akureyrarbæjar að fenginni umsögn framkvæmdaráðs. <http://www.akureyri.is/is/moya/page/samthykkt-um-framkvaemdarad-3>

Samþykkt fyrir samfélags- og mannréttindaráð, 9.gr.

Bæjarstjóri ræður framkvæmdastjóra samfélags- og mannréttindaráðs að fenginni umsögn ráðsins. <http://www.akureyri.is/is/moya/page/samthykkt-um-samfelags-og-mannrettindarad-1>

Samþykkt um stjórn Akureyrarstofu, 13. gr.

Bæjarstjóri ræður framkvæmdastjóra Akureyrarstofu en áður en hann staðfestir ráðningu hans skal hann leita umsagnar stjórnar Akureyrarstofu.

http://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/samth-stj-akureyrarstofu-2015.pdf

Í samþykkt fyrir íþróttaráð er ekki fjallað um ráðningu framkvæmdastjóra þar sem sú ráðning er á forræði samfélags- og mannréttindaráðs skv. samþykkt.

Samandregið

Samkvæmt 50. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarkaupstaðar ræður bæjarstjóri í umboði bæjarstjórnar embættismenn sem heyra beint undir hann að fenginni umsögn viðkomandi nefnda. Með þeim breytingum sem samþykktar hafa verið á stjórnkerfi bæjarins, og unnið er að, er horfið frá eldra skipulagi. Full samstaða var um, að fela bæjarráði, sem sérstakri stjórnarsýslunefnd, og bæjarstjóra að innleiða breytingarnar. Þegar þetta er haft í huga og þær breytingar sem koma til framkvæmda á nefndarskipan bæjarins 1. janúar nk. er ljóst að nefnd fyrirmæli samþykta Akureyrarkaupstaðar eiga eins og hér stendur á ekki við og takmarka því ekki vald bæjarstjóra til þess að ráða umrædda stjórnendur. Bæjarráð fól bæjarstjóra og fulltrúum bæjarráðs að auglýsa hinar nýju stöður sviðstjóra og ganga frá ráðningum. Fullkomið samráð var haft við fulltrúa bæjarráðs frá minni- og meirihluta sem skipaðir voru í ráðningarferlið. Bæjarráð hefur samþykkt samhljóða reglur um réttindi, skyldur og launakjör æðstu stjórnenda Akureyrarbæjar þar sem fram kemur í viðauka hvaða störf er um að ræða.

Bæjarráð sem stjórnarsýslunefnd og bæjarstjórn bera fulla ábyrgð á stjórnarsýslubreytingunum og ráðningarferlinu. Fullkomin samstaða var innan bæjarráðs og þar með meðal oddvita bæjarstjórnar um stjórnarsýslubreytingarnar og ákvörðun um ráðningarferlið. Bæjarstjóri vann málið í samræmi við það.

7.12.2016

Eiríkur Björn Björgvinsson

Bæjarstjóri